



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

b/t Óla Björns Kárasonar, formanns

olibjorn@althingi.is og nefnasvid@althingi.is

Reykjavík 20. mars 2020

Efni: Breytingar á tollalögum (mál nr. 609)

Vísað er til frumvarps um breytingu á tollalögum nr. 88/2005 (mál 609, þingskjal 1028), en umbjóðandi minn, Dista ehf., óskar eftir að gera athugasemdir við 8. gr. frumvarpsins.

1. Inngangur – margra ára aðgerðarleysi fjármála- og efnahagsráðuneytis

Í upphafi er rétt að geta þess að aðdragandi umræddrar breytingartillögu er sá, að umbjóðandi minn gerði þann 25. ágúst 2015 athugasemdir við að ríkisfyrirtækið Fríhöfnin ehf. hefði ekki hlutlægar, málefnalegar og fyrirsjáanlegar reglur um innkaup og samskipti við birgja, sem tryggðu jafnræði við vöruval. Bent var á að þetta fyrirkomulag stangaðist á við 16. gr. EES samningsins, sbr. lög nr. 2/1993. Þá var vísað til gagna í vörslum umbjóðanda míns, er bentu til þess að ekki væri gætt jafnræðis meðal áfengisbirgja í starfsemi Fríhafnarinnar.

Afrit af bréfi þessu var sent m.a. ráðuneytisstjóra fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Þegar ljóst var að íslensk stjórnvöld vildu ekki setja slíkar reglur fyrir Fríhöfnina, þá var kvörtun beint til Eftirlitsstofnunar EFTA. Þrátt fyrir andmæli íslenska ríkisins tók Eftirlitsstofnunin undir sjónarmið umbjóðanda míns og knúði í raun íslensk stjórnvöld til að taka málið upp við Alþingi.

Umbjóðanda mínum er hins vegar fyrirmunað að skilja hvaða hagsmuna íslensk stjórnvöld voru að gæta með því að standa gegn því að settar yrðu hlutlægar, málefnalegar og fyrirsjáanlegar reglur um innkaup og samskipti við birgja, sem tryggðu jafnræði við vöruval í Fríhöfninni. Telja verður að slík reglusetning sé hluti af góðum stjórnarháttum, sérstaklega af hálfu opinberra fyrirtækja, sbr. til hliðsjónar sjónarmið í álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. 136/1989.¹

¹ <https://www.umbodsmadur.is/alit-og-bref/mal/nr/663/skoda/reifun>

2. Athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarpsdrög

Umbjóðandi minn vill gera þá athugasemd, að fyrirbyggjandi frumvarp opnar fyrir þann möguleika að viðhalda geðþóttaákvörðunum við vöruval hjá Fríhöfninni og er ekki í fullu samræmi við athugasemdir ESA.

Í fyrsta lagi gerir umbjóðandi minn athugasemdir við, að taka eigi sérstakt tillit til „sérstöðu fríhafnarverslana“ við val á vörum til endursölu. Í greinargerð með frumvarpinu er einkum vísað til stærðar verslunarinnar, sem þó er ekkert minni en margar útsölur ÁTVR. Að mati umbjóðanda míns er nægilega tekið tillit til þessa sjónarmiðs með vísan til „eftirspurnar“ í texta ákvæðisins.

Þessu til viðbótar telur umbjóðandi minn, að þegar horft er til eftirspurnar eigi einnig að horfa til eftirspurnar í verslunum ÁTVR. Í því sambandi má benda á að sú verslun, sem er einnig í eigu hins opinbera, birtir á heimasíðu sinni árlegar sölutölur.² Þá geta birgjar fengið mánaðarlegar sölutölur frá ÁTVR og ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að Fríhöfnin aflaði sér slíkra upplýsinga við mat á eftirspurn á Íslandi eftir einstökum áfengistegundum.

Í öðru lagi gerir umbjóðandi minn athugasemdir við opna heimild Fríhafnarinnar til að meta framlegð af vöru og þ.m.t. ákveða álagningu á einstakar vörur. Í því efni má, að breyttu breytanda, vísa til sjónarmiða í álitni umboðsmanns Alþingis í máli nr. 5035/2007 um óhefta heimild varðandi álagningu í einkasölu ÁTVR.³ Er því lagt til að sérstaklega verði áskilið að gætt sé hlutlægni við innkaup á áfengi og að reglur um vöruval séu málefnalegar og miði að því að tryggja fyrirsjáanleika, auk þess sem framlegðarkröfur mismuni ekki innan sama vöruflokks.

Í þriðja lagi telur umbjóðandi minn að tryggja verði að Fríhöfnin, sem er ríkisfyrirtæki, stundi ekki sölu á hilluplássum. Slíkt er ekki einungis óviðurkvæmilegt fyrir opinberan aðila heldur styrkir fyrst og fremst stóra aðila á markaði, skekkir verulega myndina varðandi mat á eftirspurn eftir vörum í Fríhöfninni og væri óviðunandi ef tekið yrði tillit til slíkra greiðslna við mat á framlegð. Varðandi sölu Fríhafnarinnar á auglýsingum og kynningarsvæðum fyrir áfengi er athygli vakin á meðfylgjandi glærुकynningu Fríhafnarinnar vegna ársins 2020 sem send var áfengisbirgjum.

Í fjórða lagi vill umbjóðandi minn benda á, að í áminningarbréfi ESA (e. *Letter of formal notice*)⁴ var gerð sú krafa að Fríhöfninni yrði gert að rökstyðja ákvarðanir sínar (e. „*obligation to state reasons*“). Ekki verður séð að frumvarpið taki tillit til þessa.

Í fimmta lagi vill umbjóðandi minn benda á, að í áminningarbréfi ESA var einnig gerð sú krafa að Fríhöfnin gætti þess að markaðs- og auglýsingastarfsemi fyrirtækisins væri hlutlæg og óháð uppruna vöru og að nýjar vörur væru kynntar fyrir neytendum (e. „*the company's marketing and advertising measures are impartial and independent of the origin of the product and that new products are made known to consumers*“).

Ekki verður séð að frumvarpið taki tillit til þessa, en Fríhöfnin stundar umfangsmikla auglýsinga- og kynningarstarfsemi á áfengi í verslun sinni, á innkaupakerrum og innkaupapokum og á heimasíðu fyrirtækisins. Greiða birgjar sérstaklega fyrir slíkar

² https://www.vinbudin.is/heim/um_atvr/fyrirtaekid/soelutoelur/tabid-2209/soelutoelur

³ <https://www.umbodsmadur.is/alit-og-bref/mal/nr/1253/skoda/reifun>

⁴ <http://www.eftasurv.int/da/DocumentDirectAction/outputDocument?docId=4658>

auglýsingar, eins og fram kemur í meðfylgjandi glærुकynningu Fríhafnarinnar. Vegna umfjöllunarefnis þessa frumvarps, þá er ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um hvort slík háttsemi sé í samræmi við 20. gr. áfengislaga nr. 75/1998.

Í sjötta lagi telur umbjóðandi minn nauðsynlegt að hnykkja á því að reglur Fríhafnarinnar séu málefnalegar og hlutlægar og tryggji einnig fyrirsjáanleika við val á vörum. Þessu til viðbótar telur umbjóðandi minn mikilvægt, í því skyni að tryggja gagnsæi í starfsemi Fríhafnarinnar, að henni verði gert að birta sölutölur opinberlega með svipuðum hætti og ÁTVR og gera þær að auki aðgengilegar þeim sem þess óska, sbr. umfjöllun hér að ofan.

Í ljósi alls ofangreinds leggur umbjóðandi minn til að ákvæði 8. gr. frumvarpsins hljóði svo:

„Þegar áfengi er boðið til sölu í tollfrjálsri verslun af aðila sem er í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga eða fyrirtækja í þeirra eigu skal gæta hlutlægni og jafnræðis við innkaup á áfengi til endursölu. Jafnframt skal þess gætt að þessi sömu sjónarmið eigi við um auglýsinga- og kynningarstarfsemi slíkra verslana. Við val á áfengri vöru til endursölu skal m.a. taka mið af eftirspurn, þ.m.t. í verslunum ÁTVR, framlegð, fjölbreytni í vöruúrvali og framboði í öðrum fríhafnarverslunum.

Ráðherra skal setja hlutlægar og málefnalegar reglur sem miða að því að tryggja fyrirsjáanleika, jafnræði og gagnsæi við vöruval og innkaup á áfengi í tollfrjálsri verslun, auk þess sem kveðið skal á um að framlegðarkröfur mismuni ekki vörum innan sama vöruflokks. Þá skulu reglurnar kveða á um að slíkri verslun sé óheimilt að selja hillupláss til birgja og tekjur sem kunna að stafa af kynningarstarfsemi skulu ekki hafa áhrif við mat á framlegð. Í reglum skal einnig mælt fyrir um það að ákvarðanir um vöruval skuli rökstuddar og að hin tollfrjálsa verslun birti opinberlega sölutölur þeirrar áfengisvöru sem seld er og geri slíkar upplýsingar að auki aðgengilegar þeim sem þess óska. Þá er heimilt að kveða á um gjaldtöku vegna kostnaðar sem leiðir af umsýslu við vöruval. Skal gjaldið eingöngu standa straum af þeim kostnaði sem til fellur vegna skráningar, könnunar og nauðsynlegra ráðstafana af hálfu tollfrjálsrar verslunar við að bjóða áfenga vöru til sölu.

Ákvarðanir um val á vöru til sölu í tollfrjálsri verslun eru kæránlegar til ráðherra.“

Virðingarfyllst,

f.h. Distu ehf.

Jónas Fr. Jónsson, lögmaður

með málflutningsleyfi fyrir Hæstarétti.

Meðfylgjandi: *Glærुकynning Fríhafnarinnar sem send var birgjum með efnisheitinu: „Auglýsinga- og kynningarsvæði 2020“.*

AUGLÝSINGA- OG KYNNINGASVÆÐI 2020

UMSÓKNARFRESTUR TIL 5. NÓVEMBER 2019

ÁFENGI



KYNNINGAR Á LÉTTVÍNI, STERKU ÁFENGI OG BJÓR

BROTTFARARVERSLUN

- Kynningarsvæði fyrir áfengi í brottfararverslun er við aðalgangveginn í gegnum verslunina.
- Birgjar sjá um kynningarnar og ætlast er til að starfsmenn frá þeim kynni þegar flug er.

Verð fyrir slot

- Slot 1-2 340.000 kr.
- Slot 3 500.000 kr.
- Slot 4-11 550.000 kr.
- Slot 12 500.000 kr.
- Slot 13 340.000 kr.

VSK bætist við verð





CHIVAS XV
AGED 15 YEARS
CELEBRATE WITH XV



AVAILABLE IN
STORE NOW



CHIVAS XV



CHIVAS XV
AGED 15 YEARS
CELEBRATE WITH XV



Enjoy Chivas responsibly



TOBACCO
REYKA
TODAY



ÞESS VIRÐI AÐ UPPLIFA

SÚLA FYRIR ÁFENGI

BROTTFARARVERSLUN

- Tvær hliðar á súlunni eru fyrir auka framstillingu og merkingu á áfengi.
- Leigutíminn er frá janúar og út september.

Verð á mánuði

- Janúar - febrúar 250.000 kr.
- Mars - september 300.000 kr.

VSK bætist við verð



KYNNINGAR Á BARNUM

KOMUVERSLUN

- Kynningar á áfengi í komuverslun eru á gyllta barinn þar sem mögulegt er að kynna léttvín, sterkt áfengi og bjór.
- Framan á barnum er svæði fyrir merkingu.
- Viðbótarframstilling á veggeiningu við innganginn og tvö ljósaskilti þar fyrir ofan.
- Birgjar sjá sjálfir um kynningarnar og ætlast er til að starfsmenn frá þeim kynni þegar flug er.

Verð fyrir slot

- Slot 1-2 370.000 kr.
- Slot 3-4 410.000 kr.
- Slot 5-6 460.000 kr.
- Slot 7-14 555.000 kr.
- Slot 15 460.000 kr.
- Slot 16-17 390.000 kr.

VSK bætist við verð





TILBOÐ MÁNAÐARINS

Í BROTTFARAR- OG KOMUVERSLUN

- Valdar vörur sem fara á tilboð fá auka framstillingu í brottfarar- og komuverzlun og raðast eftirfarandi:
 - Koníak
 - Viskí
 - Romm
 - Gin
 - Vodka
 - Íslenskt
 - Annað áfengi

Verð fyrir slot

- Slot 1-2 110.000 kr.
- Slot 3 140.000 kr.
- Slot 4-11 170.000 kr.
- Slot 12 140.000 kr.
- Slot 13 110.000 kr.

VSK bætist við verð





WHISKY

JAMESON

TALISKER

BLACKLAND PURE

JURA

RUM

TOBACCO

SPARKLING

BAILEYS

CAROL PRITZ

SPECIAL OFFER

LARSEN VSOP

TILBOD SPECIAL OFFER

TILBOD SPECIAL OFFER

TILBOD SPECIAL OFFER

TILBOD SPECIAL OFFER

SPECIAL OFFER

ÞESS VIRÐI AÐ UPPLIFA

STANDUR FYRIR LÉTTVÍNID

KOMUVERSLUN

- Viðbótarframstilling og merking fyrir hvítvín, rauðvín, freyðivín og kampavín.

Verð fyrir slot

- Slot 1-2 250.000 kr.
- Slot 3 - 13 300.000 kr.

VSK bætist við verð





Freixenet
ITALIAN ROSE

CELEBRATE
IN STYLE

Freixenet
SPARKLING
WINE

Freixenet

LJÓSKILTI

Í BROTTFARAR- OG KOMUVERSLUN

- Ljósaskilti í brottfarar- og komuverslun eru staðsett við veggeiningar og í gólfstöndum.
- Ljósaskilti eru í ýmsum stærðum.

Verð fyrir 12 mánuði

- Á gólfstöndum 230.000 kr.
- Á veggeiningum 230.000 kr.
- Á veggeiningum meðal 350.000 kr.
- Á veggeiningum stór 550.000 kr.

VSK bætist við verð



BOMBAY SAPPHIRE
Stir Creativity

MEUKOW
COGNAC
AWARDED
DOUBLE GOLD MEDAL



Special
INGREDIENT
IN THE
CUBA LIBRE.

AGING
SMOOTH
CUBAN BLEND

Havana Club

Grand Marnier
The spirit of France
WITH ORANGE


REYKA
VODKA

WINE EXPLORATION

TRY THE BOTTLED
FAVORITE CUP

WINES & SPIRITS

WAVE OF ARCTIC



AUGLÝSINGAR Á HEIMASÍÐUNNI

- Auglýsingaborðar eru á forsíðu og vörusíðum.
- Hver auglýsing er í tveimur stærðum, fyrir borðtölvu og síma.
- **TILBOÐ!**
 - 3 mánuðir á verði 2
 - 4 mánuðir á verði 3

Verð á mánuði

- Forsíða 75.000 kr.
- Millisíða 50.000 kr.

VSK bætist við verð



DUTY
FREE
ICELAND

INNKAUPALISTINN MÍN

KARFAN MÍN

Leiðarorð

EN

APEROL[®]
SPRITZ



DUTY
FREE
ICELAND



VENDA E CONSI

EM MODERAÇÃO

APEROL[®]
SPRITZ

TOLLFRJÁLS VARNINGUR
REIKNIVÉL



VENDA E CONSUMO PROIBIDOS PARA MENORES DE 18 ANOS. APEROL[®] É UM DRINK DE ALCOOL.

express ÞJÓNUSTA
FRIHAFNARINNAR

DUTY
FREE
ICELAND

ÞESS VIRÐI AÐ UPPLIFA

AUGLÝSINGAR Á INNKAUPAKERRUR

KOMUVERSLUN

- Auglýsingarammar eru á handfangi innkaupakerra sem notaðar eru í komuverzlun.
- Fjöldi kerra er 600 stk.
- Ein uppsetning er innifalin í verði.

Verð í 12 mánuði

- 3.200.000 kr.

VSK bætist við verð





UP TO 50%
OFF CITY PRICES

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

STELLA ARTOIS

ÞESS VIRÐI AÐ UPPLIFA

AUGLÝSINGAR Á INNSIGLISPOKA

BROTTFARARVERSLUN

- Þegar tengiflugsfarþegar versla varning í vökvaformi hjá Fríhöfninni ber að setja hann í þar til gerðan innsiglisþoka sem farþeginn má ekki opna fyrr en á endanlegum áfangastað.
- Þokarnir eru glærir og á þeim er auglýsing.
- Þokarnir koma í 2 mismunandi stærðum.

Verð í 12 mánuði

- 3.500.000 kr

VSK bætist við verð



DUTY
FREE
ICELAND

TENGILIÐIR

HEIÐA SKÚLADÓTTIR

Markaðsfulltrúi / Marketing Representative

heida@dutyfree.is & promotion@dutyfree.is





Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

b/t Óla Björns Kárasonar, formanns

olibjorn@althingi.is og nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 7. júní 2020

Efni: Athugasemdir við minnisblað Isavia ohf. - breytingar á tollalögum, 609. mál

Vísað er til umsagnar Distu ehf. um frumvarp til breytinga á tollalögum (609. mál), dags. 20. mars sl., og athugasemda, dags. 22. maí sl., við minnisblað Fjármála- og efnahagsráðuneytisins (FJR). Þá er vísað til minnisblaðs Isavia ohf., dags. 2. júní sl. Jafnframt er vísað til rökstudds álits Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), dags. 22. apríl 2020, sem sent var nefndinni 15. maí sl.

Með bréfi þessu vill umbjóðandi minn, Dista ehf., setja fram stuttar athugasemdir við minnisblað Isavia, án þess að um tæmandi umfjöllun sé að ræða.

1. Inngangur

Af umfjöllun Isavia verður ekki annað ráðið en fyrirtækið sé ósammála niðurstöðu ESA og vilji takmarka að hlutlægar, málefnalegar og fyrirsjáanlegar reglur, réttaröryggi og gagnsæi eigi við um vöruval á áfengi hjá Fríhöfninni. Skal áréttað að Fríhöfnin ehf. er ríkiseinkasala í skilningi 16. gr. EES samningsins óháð rekstrarformi.¹

Til viðbótar við þær kröfur sem 16. gr. EES gerir, þá telur umbjóðandi minn að forsaga málsins gefi fullt tilefni til þess að löggjafinn móti skýrar reglur sem stjórnvöldum og ríkisfyrirtækinu beri að fara eftir.

Þannig vakti umbjóðandi minn í ágúst 2015 athygli Fríhafnarinnar, móðurfélagsins Isavia og FJR á því að brotið væri gegn 16. gr. EES og vísaði til gagna um að ekki væri gætt jafnræðis meðal áfengisbirgja í starfsemi Fríhafnarinnar.

Þar sem framangreindir aðilar brugðust ekki við broti á EES samningnum, þá var málið kært til ESA í ágúst 2016. Í júní 2017 gaf íslenska ríkið í skyn við ESA að settar yrðu vöruvalsreglur,

¹ Sjá ítarlega umfjöllun í rökstuddu áliti ESA um ríkiseinkasöluna Fríhöfnina og þann greinarmun sem t.d. er á starfsemi Fríhafnarinnar og annarra aðila í Leifsstöð s.s. Pure Food Hall, sbr. m.a. bls. 7-9 og neðanmálgrein 38.

en hvarf frá því í nóvember 2017. Fyrir rúmu ári, í apríl 2019, lýsti íslenska ríkið því yfir að það féllist á sjónarmið ESA og myndi setja reglur á haustþingi 2019.²

Í minnisblaði Isavia kemur fram að unnið hafi verið gerð vöruvalskerfis fyrir innkaup Fríhafnarinnar frá árinu 2019 og virðist ætlast til að Alþingi sníði löggjöf að forskrift fyrirtækisins. Þá segir að ESA hafi ekki gert athugasemdir við kynntar grunnhugmyndir.

Varðandi þessi atriði, þá er það Alþingis að setja lög sem Isavia ber að fylgja. Þá gerir umbjóðandi minn ráð fyrir að FJR muni setja reglur í samræmi við almannahagsmuni, ákvæði íslenskra laga og skuldbindinga skv. EES, en ekki samkvæmt pöntun frá ríkiseinkasölu, sem eins og áður segir virðist vera á öndverðum meiði við ESA.

Jafnframt verður að gera kröfu til þess að í umsögnum til Alþingis sé ekki vísað í hulduskjöl og Isavia birti þau drög að vöruvalsreglum sem fyrir liggja. Þessu til viðbótar verður ekkert mat lagt á afstöðu ESA til „grunnhugmynda“ án þess að fyrir liggja hvaða hugmyndir voru kynntar, fyrir hverjum³ og hvernig endurgjöf ESA var háttað. Verður að gera kröfu til þess að Isavia leggi fram gögn um framangreind samskipti við ESA.

2. Ólíkt hlutverk og tilgangur ÁTVR og Fríhafnarinnar

Í minnisblaði Isavia er lögð áhersla á að vöruvalsreglur, sem Fríhöfninni verði settar, megi ekki hindra tekjuöflun. Markmiðið virðist að hámarka arðsemi af áfengissölu.

Vegna þessa ítrekar umbjóðandi minn, að Fríhöfnin er ríkiseinkasala með áfengi eins og ÁTVR skv. 16. gr. EES og ber að fylgja reglum sem af því leiða. Þótt sérstakar reglur gildi um leyfisveitingu fyrir fríhöfn, þá verður t.d. ekki séð að Fríhöfnin sé almennt undanþegin áfengislögum nr. 75/1998, t.d. um aldurshámark áfengiskaupenda (18. gr.), áfengisauðglýsingar (20. gr.) og því almenna markmiði að vinna skuli gegn misnotkun áfengis (1. gr.).⁴

Umbjóðandi minn sér ekki hvernig tillögur hans um breytingu á 8. gr. frumvarpsins, til að tryggja að hlutlægar, málefnalegar og fyrirsjáanlegar reglur ráði vali vöru og stuðlað sé að gagnsæi og réttaröryggi, valdi ósanngjörnum hömlum á arðsemissókn Fríhafnarinnar. Markmið slíkra reglna er að vöruval ráðist af lögum og viðskiptalegum forsendum en ekki geðþótta.

3. Tryggja skal jafnræði og gagnsæi

Í minnisblaði Isavia koma fram áhyggjur af ummælum í greinargerð varðandi það, að vöruvalsreglur eigi að veita birgjum möguleika á að bjóða fram vörur sínar. Virðist Isavia líta á það sem andstæð sjónarmið að vöruvalsreglur tryggi, annars vegar, jafnræði og gagnsæi við vöruval og, hins vegar, möguleika birgja á að bjóða ríkiseinkasölu vöru sína.

² Sjá umfjöllun um feril málsins í rökstuddu áliti ESA, bls. 2-5.

³ M.a. umboð viðkomandi til að tjá afstöðu ESA, sbr. t.d. 7. og 15. gr. Samnings um stofnun Eftirlitsstofnunar og dómstóls.

⁴ Sjá einnig t.d. stefnu stjórnvalda í áfengis- og vímuevrum til 2020: <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skvrsalur-2014/stefna-i-afengis--og-vimuvornum-desember-2013.pdf>

Að mati umbjóðanda míns haldast þessi sjónarmið í hendur. Markmiðið er að setja reglur sem veita birgjum möguleika á því að bjóða ríkiseinkasölnunni, Fríhöfninni ehf., vörur til kaups á jafnréttisgrunni og með gagnsæjum hætti. Niðurstaðan um það hvaða möguleikar verði að veruleika ráðast síðan af hinum hlutlægu reglum og kaupþörf ríkiseinkasölnunar.

4. Álagning

Í minnisblaði Isavia er haldið fram að umbjóðandi minn leggi til að álagning Fríhafnarinnar verði bundin í lög líkt og við á um ÁTVR og síðan fjallað um mun á þessum tveimur aðilum.

Hér er um misskilning að ræða. Umbjóðandi minn gagnrýndi að ákvæði frumvarpsins veittu Fríhöfninni opna heimild til að ákveða framlegð af vöru, þ.m.t. álagningu, en með því móti mætti við vöruval mismuna vörum í sama vöruflokk.

Ekki var gerð tillaga um lögbundna álagningu heldur að vöruvalsreglur tryggji að „framlegðarkröfur mismuni ekki vörum innan sama vöruflokks“. Þannig verði t.d. ekki gerðar minni framlegðarkröfur til vöru áfengisheildsala sem kaupir mikið hillupláss (ef það yrði selt) og sams konar vöru áfengisheildsala sem ekki kaupir hillupláss. Hvaða (málefnalegu) framlegðarkröfur verði gerðar til einstakra vöruflokka er hins vegar ríkiseinkasölnunar að meta.

5. Vöruval fríhafnaverslanna og sölupláss

Í minnisblaði Isavia kemur fram að Fríhöfnin þurfi að hafa heimild til þess að hafna vöru ef hún er ekki í vöruvali fríhafnaverslana í löndunum í kringum okkur, uppfylli ekki lágmarks framlegðarkröfur eða ekki liggi fyrir staðfesting framleiðanda um að vara sé ætluð til sölu í ferðaverslun.

Að mati umbjóðanda míns mælir ekkert gegn því að fríhöfnin setji lágmarks framlegðarkröfur ef jafnræðis er gætt innan sama vöruflokks og almennt byggt á málefnalegum sjónarmiðum.

Varðandi hin atriðin, þá telur umbjóðandi minn að ef Fríhöfnin óttast að slík sjónarmið falli ekki innan þess að teljast hlutlæg, málefnaleg og fyrirsjáanleg, þá kalli það á nánari skýringar. Þannig væri rétt að kallað væri eftir nánari upplýsingum um núverandi framkvæmd og hvaða reglur gildi, t.d. um öflun staðfestingar framleiðenda um að vara sé ætluð til sölu í ferðaverslun, og hvernig íslenskar áfengistegundir uppfylli skilyrði um vera í vöruvali fríhafnaverslana í nágrannalöndunum. Þá þarf að skoða hvort það sama eigi við um brottfarar- og komuverslun.

Umbjóðandi minn ítrekar að eftirspurn neytenda eftir vöru er besta viðmiðið um áhuga neytenda, hvort heldur sem litið verður til sölu í ÁTVR eða eingöngu hjá Isavia. Varðandi upplýsingar um eftirspurn frá ÁTVR þá skal bent á, að erlendir ferðamenn versla einnig í verslunum ÁTVR í kringum landið.

Varðandi sölu á hilluplássi, þá telur umbjóðandi minn einsýnt að tekjur af slíkri sölu eigi ekki að telja með við mat á framlegð. Með því móti er fjársterkum fyrirtækjum gert kleift að auka hlutdeild sína í vöruvali ríkiseinkasölnunar, án þess að það byggji á jafnræðisgrunni. Þessu til

viðbótar þá öðlast sömu fyrirtæki forskot á að koma vöru sinni á framfæri í krafti fjármagns en ekki gæða vörunnar.

Umbjóðandi minn telur það almennt óviðurkvæmilegt að ríkiseinkasala skuli selja aðgang að framboði til almennings og láta þannig fjármagn en ekki gæði ráða vöruframboðinu. Ef það er vilji Alþingis, þá væri rétt að löggjafinn gerði kröfu til þess að slík sala færi fram með hlutlægu og gagnsæu útboði.

Varðandi þá fullyrðingu Isavia, að rétt hafi verið við ESA um sölu á hilluplássi og stofnunin hafi ekki hafi gert athugasemdir við hana, að því gefnu að val- eða umsóknarferli væri gegnsætt og reglur skýrar, þá kallar hún á frekari upplýsingar. Þannig þarf a.m.k. að upplýsa hvaða hugmyndir voru kynntar, fyrir hverjum og hvernig endurgjöf ESA var háttað, m.a. um gegnsætt val- og umsóknarferli um hillupláss sem bendir til útboðsfyrirkomulags. Gera verður kröfu til þess að Isavia leggi fram gögn um framangreind samskipti við ESA.

6. Birting söluupplýsinga – kæránlegar ákvarðanir – gildistaka

Fríhöfnin leggst gegn tillögu umbjóðanda míns um aðgengi að sölutölum. Hér skal áréttað, að slíkt aðgengi tryggir gagnsæi og minnkar líkur á því að birgjum sé mismunað. Jafnframt má efast um að „keppinautar“ geti nýtt upplýsingar um liðna sölu til skaða fyrir viðskipti Fríhafnarinnar. Þá er uppfært söluverð á einstökum áfengisvörum birt á heimasíðu Fríhafnarinnar (m.a. á ensku og í erlendri mynt), en slíkar upplýsingar eru mun gagnlegri fyrir „keppinauta“ varðandi samkeppnisviðbrögð heldur en gamlar sölutölur.⁵

Varðandi kæránleika ákvarðana Fríhafnarinnar um vöruval, þá leiðir það af stöðu fyrirtækisins sem ríkiseinkasölu, sbr. 16. gr. EES.

Að síðustu er mótmælt að Fríhöfnin fái frest til 1. janúar 2021 til að innleiða vöruvalsreglur. Í því sambandi skal haft í huga, að Fríhöfninni mátti þegar á árinu 2015 vera ljóst að háttsemi hennar braut gegn EES, sbr. lög nr. 2/1993. Þá upplýstu íslensk stjórnvöld ESA árið 2017 um að unnið væri að vöruvalsreglum.⁶ Þessu til viðbótar hefur ESA gefið út rökstutt álit um brot Íslands á 16. gr. EES vegna Fríhafnarinnar og veitt frest til 22. júlí n.k. til að binda enda á brotið.

Umbjóðandi minn ítrekar tillögu sína að breytingum á 8. gr. frumvarpsins. Jafnframt er hann reiðubúinn til að veita frekari upplýsingar ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

f.h. Distu ehf.

Jónas Fr. Jónsson, lögmaður

með málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti

⁵ Sjá vefsíðu Fríhafnarinnar: <https://www.dutvfree.is/en>

⁶ Sjá bls. 2-3 í rökstuddu álitu ESA.



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b/t Óla Björns Kárasonar, formanns.

Reykjavík, 26. maí 2020.

Efni: Athugasemdir við minnisblað Fjármála- og efnahagsráðuneytis – frumvarp um breytingar á tollalögum, þingskjal 1028 – 609. mál.

Vísað er til umsagnar Distu ehf. um ofangreint frumvarp, dags. 20. mars 2020. Jafnframt er vísað til minnisblaðs Fjármála- og efnahagsráðuneytisins (Fjr), dags. 22. maí 2020, um ofangreinda umsögn.

Með bréfi þessu vill umbjóðandi minn, Dista ehf., setja fram stuttar athugasemdir við minnisblað Fjr, án þess að um tæmandi umfjöllun sé að ræða.

1. Sérstada fríhafnarverslana – sjónarmið um eftirspurn

Af minnisblaði Fjr má ráða að mikilvægt sé að tiltaka „sérstöðu fríhafnaverslana“ í lagatexta, í því skyni að Fríhöfnin hafi svigrúm til að líta framhjá lýðheilsusjónarmiðum og starfa eingöngu á grundvelli arðsemissjónarmiða. Að mati umbjóðanda míns virðist hér sleginn nýr tónn í stefnumörkun varðandi smásölu áfengis á Íslandi, sem eðlilegt hefði verið að kæmi fram í greinargerð. Telur umbjóðandi minn, að það hljóti að vekja spurningar um áfengisstefnu almennt, ef töluverður hluti smásölu íslenska ríkisins á áfengi þurfi ekki að taka tillit til lýðheilsusjónarmiða.

Varðandi viðmið um eftirspurn, þá áréttar umbjóðandi minn mikilvægi þess að gerð sé krafa um að horft sé til slíks hlutlægs mælikvarða í vöruvalsreglum. Verður ekki séð að hópur viðskiptavina eða ætluð starfsemi á alþjóðlegum markaði breyti neinu um slíkt viðmið. Þá telur umbjóðandi minn eðlilegt að horft verði til aðgengilegra sölutalna ÁTVR varðandi eftirspurn, enda ljóst að stór hópur viðskiptavina Fríhafnarinnar lætur einnig í ljós viðhorf sitt til áfengistegunda með viðskiptum við ÁTVR.

2. Framlegð

Í minnisblaði Fjr er ekki rökstutt sérstaklega af hverju ráðuneytið telur mikilvægt að Fríhöfnin hafi opnar heimildir til að meta framlegð vöru, en einungis haldið fram að álit umboðsmanns Alþingis sem getið var í neðanmálgrein miðist við sérstöðu ÁTVR.

Umbjóðandi minn telur engin rök standa til þess að ríkisfyrirtækið Fríhöfnin eigi að geta mismunað vörum innan sama vöruflokks með framlegðarkröfum sínum eða geti horft til tekna af sölu á hilluplássi og auglýsingum við mat á framlegð, sbr. nánari umfjöllun í umsögninni. Tilvísun til álits umboðsmanns, að breyttum breytanda, varðaði m.a. mikilvægi þess að um slíkar einkasölur giltu fastmótaðar reglur.

3. Sala á hilluplássi, rökstuðningur ákvarðana og markaðs- og auglýsingastarfsemi

Í minnisblaði Fjr er ekki tekin nein afstaða til sölu á hilluplássi en sagt að slíkt eigi heima í vöruvalsreglum. Að mati umbjóðanda míns, þá er hér um viðskiptaháttsemi að ræða sem mikilvægt er að löggjafinn taki afstöðu til. Þá telur umbjóðandi minn að kaup á hilluplássi gagnist einkum stærrí fyrirtækjum og skekki samkeppni byggða á raunverulegri eftirspurn vara.

Í minnisblaði Fjr kemur fram að ekki þurfi að kveða á um skyldu Fríhafnar til rökstuðnings, enda séu ákvarðanir fyrirtækisins kæránlegar. Varðandi þetta er rétt að benda á að Fríhöfnin er einkahlutafélag og rekið í tekjuöflunarskyni. Á einkahlutafélögum hvílir almennt ekki lagaskylda til rökstuðnings, sem er ólíkt því sem gildir í stjórnslunni þar sem a.m.k. er hægt að krefjast eftirfarandi rökstuðnings, sbr. 1. mgr. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Þessu til viðbótar leiðir það af EES samningnum að einkasölu er skylt að rökstyðja ákvarðanir sínar, sbr. athugasemdir ESA. Að mati umbjóðanda míns er því rétt og eðlilegt að ákvæði um rökstuðning sé að finna í því lagaákvæði sem myndar ramma um vöruvalsreglur ÁTVR og kæránleika ákvarðana.

Varðandi markaðs- og kynningarstarfsemi telur umbjóðandi minn mikilvægt að lög kveði skýrlega á um skyldu Fríhafnarinnar til að gæta hlutlægni og jafnræðis við slíka starfsemi, sem er töluverð að umfangi. Þá ber að tryggja slíkt vegna skuldbindinga Íslands skv. EES, sbr. athugasemdir ESA.

4. Opinberar sölutölur

Umbjóðandi minn fær ekki séð hvernig ríkiseinkasala getur skaðast af gagnsæi. Sölutölur um magn einstakra tegunda fyrir liðinn tíma getur varla verið meira leyndarmál fyrir Fríhöfnina en ÁTVR. Jafnframt efast hann um að „keppinautar“ s.s. á Kastrup eða Heathrow muni geta nýtt sér slíkar upplýsingar til skaða fyrir viðskipti Fríhafnarinnar.

Umbjóðandi minn ítrekar fyrri sjónarmið og tillögu sína að breytingum á 8. gr. frumvarpsins. Jafnframt er hann reiðubúinn til að veita frekari upplýsingar ef þess er óskað.

Virðingarfyllt,

f.h. Distu ehf.

Jónas Fr. Jónsson, lögmaður

með málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið**
Dagsetning: **22.05.2020**
Málsnúmer: **FJR19080054**
Bréfalykill: **3.5**

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum (rafræn afgreiðsla o.fl.), þingskjal 1028 — 609. mál.

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar þann 12. maí sl. óskaði nefndin eftir viðbrögðum ráðuneytisins við þær athugasemdir sem finna má í umsögn Distu ehf. við 8. gr. frumvarpsins um vöruvalsreglur tollfrjálsra verslana sem bjóða áfengi til sölu.

Í umsögninni er gerð athugasemd við orðalag greinargerðar frumvarpsins um að taka eigi tillit til „sérstöðu friðhafnarverslana“ við val á vörum til endursölu. Þá er því jafnframt haldið fram að þegar horft er til eftirspurnar eigi einnig að horfa til eftirspurnar í verslunum ÁTVR sem ríkisstofnunar. Ráðuneytið áréttar það sjónarmið sem finna má í greinargerð frumvarpsins um að mikilvægt sé að líta til þess að ákveðinn munur er á sölu áfengis í friðhöfnum og í verslunum ÁTVR. Markmið og starfsemi Friðhafnarinnar ehf. er ólíkt ÁTVR m.a. vegna þess að hún starfar á alþjóðlegum samkeppnismarkaði, hefur ólíkan hóp viðskiptavina, starfar ekki á grundvelli lýðheilsusjónarmiða og tekur ákvarðanir út frá viðskiptalegum grundvelli með tekjuöflunarsjónarmiði. Mikilvægt er því að fyrirhugaðar vöruvalsreglur gefi Friðhöfninni ehf. kost á sveigjanleika hvað þetta varðar.

Einnig er gerð athugasemd í umsögninni við opna heimild Friðhafnarinnar til að meta framlegð af vöru og þ.m.t. ákveða álagningu á einstaka vörur. Í þessu samhengi er í umsögninni vísað til álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 5035/2007 varðandi álagningu ÁTVR. Að mati ráðuneytisins eru þær röksemdir sem finna má í álitinu um fasta lögbundna álagningu miðaðar út frá sérstöðu ÁTVR sem áfengisverslun. Með hliðsjón af ofangreindum mun á ÁTVR og Friðhöfninni ehf. er það mat ráðuneytisins að rök álitsins um lögbundna fasta álagningu eigi ekki við um Friðhöfnina ehf.

Þá er í umsögninni tekið fram að tryggja verði að Friðhöfnin ehf. stundi ekki sölu á hilluplássi, að henni verði gert að rökstyðja ákvarðanir sínar og að henni verði gert að gæta þess að markaðs- og auglýsingarstarfsemi hennar sé hlutlæg og óháð uppruna vöru og nýjar vörur verði kynntar fyrir neytendum. Varðandi rökstuðning Friðhafnarinnar ehf. á ákvörðunum sínum bendir ráðuneytið á að í ljósi þess að ákvarðanir hennar verða kærarlegar til ráðuneytisins þá er henni að óbreyttu ekki stætt á öðru en að taka rökstuddar ákvarðanir og telur ráðuneytið ekki þörf á að kveðið sé sérstaklega á um slíkt í 8. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti er það mat ráðuneytisins að þessar athugasemdir umsagnarinnar séu þess eðlis að þær þyrfti að skoða samhliða gerð vöruvalsreglnanna og í frekara samráði við eftirlitsstofnun EFTA (ESA).

Að lokum er í umsögninni talið mikilvægt að Friðhöfninni ehf. verði gert að birta opinberlega söluupplýsingar með svipuðum hætti og ÁTVR og gera þær að auki aðgengilegar þeim sem þess óska. Að mati ráðuneytisins er ekki nauðsynlegt að leggja slíka skyldu á Friðhöfnina ehf. í því skyni að tryggja að fyrirhugaðar vöruvalsreglur verði málefnalegar og hlutlægar. Slíkar upplýsingar gætu einnig komið niður á starfsemi Friðhafnarinnar ehf. sem starfar á alþjóðlegum samkeppnismarkaði.

Efnahags- og viðskiptanefnd
skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

2. júní 2020

Efni: Minnisblað til efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum nr. 88/2005, með síðari breytingum (rafræn afgreiðsla o.fl.), þingskjal 1028 – 609. mál.

Vísað er til umsagnar Isavia ohf. um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum nr. 88/2005, með síðari breytingum (rafræn afgreiðsla o.fl.), þingskjal 1028 – 609. mál. Einnig er vísað til athugasemda Distu ehf., dags. 21. mars og 26. maí 2020 og minnisblaðs Fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 22. maí 2020.

Isavia ohf. ítrekar þau sjónarmið sem fram koma í umsögn félagsins dags. 23. mars 2020 og minnisblaði fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 22. maí 2020 og óskar jafnframt eftir að fá að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

1. Inngangur

Sú breyting sem lögð er fram í 8. gr. frumvarps um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005 (þingskjal 1028 – 609. mál.), er tilkomin vegna þess að þann 28. nóvember 2018 sendi Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) Íslandi áminningarbréf þar sem fram kemur að það sé mat ESA að Ísland brjóti gegn 16. gr. EES samningsins með því að heimila Fríhöfninni ehf. smásölu á áfengi án þess að hafa reglur um vöruval og markaðssetningu á því áfengi sem þar er selt. Ákvæði 16. gr. EES samningsins er ætlað að koma í veg fyrir að ríkiseinkasölur geti mismunað á grundvelli þjóðernis, t.d. með því að hygla innlendri framleiðslu umfram erlenda með því að leggja á sérstaka innflutningstolla á innfluttar vörur.

ESA vakti fyrst athygli á málinu árið 2017 en aðilar hafa verið ósammála um það hvort áfengissala Fríhafnarinnar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar (FLE) teljist ríkiseinkasala skv. 16. gr. EES samningsins. Samkvæmt skýru orðalagi 1. mgr. 16. gr. EES samningsins á ákvæðið við um ríkiseinkasölu, sem hefur eftirlit með, ræður eða hefur umtalsverð áhrif á inn- eða útflutning milli samningsaðila, en skv. lögum hefur Fríhöfnin ehf. ekki einkarétt til sölu áfengis.

Ákvæði 101. – 104. gr. tollalaga nr. 88/2005 (hér eftir nefnd tollalög) kveða á um heimild til þess að reka tollfrjálsar verslanir. Samkvæmt 101. gr. tollalaga getur tollstjóri heimilað lögaðilum að reka tollfrjálsar verslanir í flugstöðvum eða höfnum að uppfylltum skilyrðum 1.–3. og 6.–9. tl. 1. mgr. 91. gr. sömu laga.

Af þessum ákvæðum leiðir að hvorki Isavia ohf. né Fríhöfnin ehf. hafa einkarétt til að reka tollfrjálsar verslanir og selja, meðal annars áfengi, heldur getur hvaða lögaðili sem er fengið heimild til þess að reka tollfrjálsa verslun, að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í lögnum. Fleiri verslanir hafa því heimild úr tollalögum til áfengissölu s.s. Pure Food Hall í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, fríhafnarverslanir Air Iceland Connect á Reykjavíkur- og Akureyrarflugvelli, flugfélög með sölu á tollfrjálsu áfengi um borð í flugvélum o.fl.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur einkaleyfi til smásölu áfengis samkvæmt 7. gr. laga nr. 86/2011, sbr. 10. gr. áfengislaga nr. 75/1998. Reglugerð nr. 1106/2015 um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi miðar að því að tryggja fjölbreytt vöruúrval í verslunum ÁTVR og tryggja framleiðendum og birgjum möguleika á að koma vörum í sölu í vínbúðum fyrirtækisins.

Samkvæmt skýru orðalagi framangreindra laga og reglugerðar gilda þau ekki um aðra en ÁTVR.

Einkaleyfi til smásölu áfengis er því í áfengislögum en ekki í tollalögum. Þá eru tollalögin sérlög sem ganga frammar ákvæðum laga um ÁTVR.

Í maí 2019 ákvað ráðherra að fallast á þá kröfu ESA að setja Fríhöfninni innkaupareglur án þess að fá úr því skorðið hvort áfengissala Fríhafnarinnar teldist ríkiseinkasala.

Frá þeim tíma hefur verið unnið að því að gera vöruvalskerfi fyrir innkaup Fríhafnarinnar á áfengi og er umræddri grein frumvarpsins ætlað að setja lagalega stoð fyrir það kerfi. Grunnurinn að kerfinu, markmiðum þess, matsferli, árangursviðmið og tillögur að kynninga- og markaðsmálum hafa þegar verið kynntar ESA. ESA hefur ekki gert athugasemdir við þær grunnhugmyndir sem kynntar hafa verið.

Markmið reglna um vöruval og innkaup Fríhafnarinnar á áfengi er að:

- Tryggja að ákvarðanir um hvort vöru sé hafnað eða hún tekin í sölu séu á viðskiptalegum forsendum
- Tryggja janfræði og gagnsæi við vöruval og innkaup
- Tryggja að skýrt sé á hvaða forsendum vöru er hafnað í sölu
- Tryggja að ekki sé mismunur í vöruvali eftir upprunalandi vöru
- Vöruval Fríhafnarinnar taki mið af vöruvali helstu samkeppnisaðila en skapi á sama tíma Fríhöfninni ákveðna sérstöðu

2. Ólíkt hlutverk og tilgangur ÁTVR og Fríhafnarinnar

Umsögn um frumvarpið barst frá Rökstólum fyrir hönd Dista ehf. Þar eru nokkrar tillögur gerðar að breytingum og virðast tillögurnar miðast að því að vöruvalskerfi Fríhafnarinnar verði sem líkast vöruvalskerfi ÁTVR. Í þessu samhengi þarf að taka tillit til að markmið og tilgangur ÁTVR og Fríhafnarinnar er mjög ólíkur og tryggja þarf að lögin og reglugerðin um vöruval og innkaup Fríhafnarinnar hamli því ekki að Fríhöfnin geti sinnt tilgangi sínum.

ÁTVR er ríkisstofnun sem falið hefur verið með lögum að annast tiltekna þjónustu gagnvart almenningi í formi innflutnings og dreifingu áfengis, þ.á m. einkaleyfi til smásölu.

Fríhöfnin er einkahlutafélag, í 100% eigu Isavia ohf., sem sér um rekstur tollfrjálsrar verslunar á Keflavíkurflugvelli. Fríhöfnin starfar á alþjóðlegum samkeppnismarkaði, er skilgreind af Samkeppniseftirlitinu með markaðsráðandi stöðu og til hennar er gerð arðsemiskrafa í eigandastefnu. Tilgangur með rekstri Fríhafnarinnar, og með verslun og þjónustu almennt á flugvöllum, er að skapa flugvöllum tekjur til uppbyggingar og reksturs. Þessar tekjur mynda m.a. óflugtengdar tekjur, þ.e. tekjur sem koma annarsstaðar frá en beint frá farþegum eða flugfélögum í formi flugvallarskatta og annarra gjalda. Því hærri sem óflugtengdar tekjur eru af heildartekjum flugvallar því samkeppnisfærari er hann til þess að laða til sín flugfélög og þar með fleiri farþega og ferðamenn til viðkomandi lands. Í því samkeppnisumhverfi er mikilvægt að Fríhöfnin geti tekið ákvarðanir á viðskiptalegum forsendum en innan þess ramma sem reglur um vöruval og innkaup setja.

Vöruvalsreglurnar mega ekki vera þannig úr garði gerðar að þær bindi hendur Fríhafnarinnar ehf. um of við öflun tekna, sem er útgefið markmið félagsins samkvæmt samþykktum þess.

3. Tryggja skal jafnræði og gagnsæi

Félagið vill ítreka þá athugasemd sem fram kom í fyrri umsögn félagsins, dags. 23. mars 2020, sem varðar misræmi milli 8. gr. frumvarpsins og texta greinargerðarinnar með frumvarpinu. Í 2. ml. 8. gr. frumvarpsins kemur fram að ráðherra setji nánari reglur sem miða að því að *tryggja jafnræði og gagnsæi* við vöruval og innkaup á áfengi í tollfrjálsri verslun. Í texta greinargerðar með frumvarpinu, nánar tiltekið í 4. mgr. kafla 3.4. um vöruvalsreglur, kemur hins vegar fram: „Ráðherra skuli setja nánari reglur um vöruval og innkaup á áfengi sem miði að því að tryggja vöruúrval m.a. með hliðsjón af eftirspurn kaupenda og jafnframt því að *tryggja framleiðendum og birgjum áfengis möguleika á að bjóða vörur sínar til sölu í tollfrjálsri verslun.*“ En samkvæmt skýru orðalagi 8. gr. frumvarpsins er tilgangur vöruvalsreglna ekki að *tryggja framleiðendum og birgjum áfengis möguleika á að bjóða vörur sínar til sölu*, heldur að *tryggja jafnræði og gagnsæi* við vöruval og innkaup.

Hins vegar kemur fram í reglugerð um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi nr. 1106/2015 að markmið reglugerðarinnar sé að tryggja framleiðendum og birgjum möguleika á að koma vörum í sölu í vínbúðum fyrirtækisins.

Teljum við að í greinargerðina með frumvarpinu hafi læðst inn texti úr framangreindri reglugerð sem á eingöngu við um ÁTVR. Við leggjum því til að hnykkt verði á því í nefndarálitum að það sé eingöngu átt við að tryggja jafnræði og gagnsæi við vöruval og innkaup, en ekki sé verið að tryggja öllum áfengisframleiðendum möguleika á að bjóða vörur sínar til sölu í tollfrjálsri verslun, þar sem það sé ekki tilgangur Fríhafnarinnar ehf. og í reynd óhjákvæmilegt sökum plássleysis.

4. Álagning

Í umsögn Distu ehf er lagt til að álagning Fríhafnarinnar verði bundin í lög líkt og gert er með álagningu ÁTVR. Máli sínu til stuðnings er vísað í álit Umboðsmanns Alþingis í máli nr. 5035/2007 þar sem fjallað er um álagningu ÁTVR. Rökin fyrir fastri álagningu ÁTVR eru vel reifuð í umræddu áliti Umboðsmanns Alþingis og verða ekki rakin ítarlega hér. Álagning ÁTVR var bundin í lög svo ÁTVR væri það heimilt að fella kostnað af starfsemi sinni á þá sem nýttu sér þjónustu hennar með því að kaupa áfengi í verslunum hennar. Öll megin rök í málinu eiga við ÁTVR en ekki við Fríhöfnina þar sem veigamikill eðlismunur er á starfsemi þessara tveggja fyrirtækja. Í álitinu kemur t.d. fram að:

- Umboðsmaður bendir á að það hafi verið viðurkennt að ekki þurfi sérstakrar lagaheimildar við þegar ríkið hefur stofnað til atvinnurekstrar sem beinlínis er ætlað að starfa á einkaréttarlegum grundvelli, eftir atvikum í samkeppni við einkaaðila, eða eðli viðkomandi starfsemi verður öldungis jafnað við einkaréttarlegan atvinnurekstur
- Umboðsmaður telur, að í ljósi þess hvernig Alþingi hefði afmarkað stöðu og hlutverk ÁTVR samkvæmt lögum, er „ekki unnt að leggja til grundvallar að smásala ÁTVR hafi samstöðu með opinberum atvinnurekstri sem beinlínis er ætlað að starfa á einkaréttarlegum grundvelli, t.d. vegna samkeppni við aðra einkaaðila eða vegna eðlis starfseminnar.“

- Ef ætlunin væri að gera ríkisstofnun að afla tekna, sem miðaðar væru við þeir eignir sem bundnar væru í rekstri hennar, til að standa undir arðgreiðslu í ríkissjóð þyrfti, auk sérstakrar lagaheimildar, að koma fram í lögum hvaða rammi gjaldtökunni væri settur.

Álit Umboðsmanns í ofangreindu máli hafði megináhrif á það að fastri álagningu var bætt við þáverandi lög um verslun með áfengi og tóbak nr. 63/1969, eins og fram kemur í nefndaráliti efnahags- og skattanefndar um frumvarp til lagabreytinga.

Fríhöfnin telur að þau rök sem eru fyrir lögbundinni álagningu ÁTVR eiga ekki við um Fríhöfnina.

- ÁTVR er ríkisstofnun sem falið hefur verið með lögum að annast tiltekna þjónustu gagnvart almenningi í formi innflutnings og dreifingu áfengis, þ.á m. einkaleyfi til smásölu. Þegar kemur að slíkri starfsemi ríkisins, þ.m.t. þjónustustarfsemi, segir í umræddu áliti Umboðsmanns Alþingis, að notendur viðkomandi þjónustu eigi ekki að þurfa að greiða sérstakt endurgjald til ríkisins vegna hennar nema fyrirmæli um slíkt sé í lögum.
- Fríhöfnin starfar á samkeppnismarkaði, er rekin í hagnaðarskyni með arðsemiskröfu í eigandastefnu. Arðsemiskrafa Fríhafnarinnar lýtur að því að móðurfélagið, Isavia, fái eðlilegan arð af eigin fé í samræmi við áhættu sem fólgin er í rekstri og fjármögnun fyrirtækisins en ekki að því að afla tekna fyrir ríkissjóð. Tekjur og arður sem hlýst af starfsemi Fríhafnarinnar skapar Keflavíkurflugvelli óflugtengdar tekjur, sem nýtast til uppbyggingar og gerir flugvöllinn samkeppnisfærari til að laða til sín flugfélög og þar með fleiri farþega og ferðamenn til landsins.

Til þess að Fríhöfnin geti starfað í samkeppnisumhverfi og sinnt hlutverki sínu er mikilvægt að hún geti stýrt álagningu sinni. Ef álagning Fríhafnarinnar er bundin í lög eru það birgjar sem myndu stýra útsöluverði áfengis í Fríhöfninni og myndi það skekkja samkeppnisstöðu Fríhafnarinnar verulega gagnvart öðrum fríhöfnum og stangast á við samkeppnislög.

5. Vöruval fríhafnarverslana og hillupláss

Í umsögn Distu ehf. er gerð athugasemd við að taka eigi sérstakt tillit til sérstöðu fríhafnarverslana við vöruval. Í þessu samhengi þarf að hafa í huga tilgang verslana á flugvöllum sem rakinn var hér að ofan. Þessi markaður ásamt tollfrjálsri verslun um borð í skipum og ferjum, á landamærum og víðar kallast „Travel Retail“ (ferðaverslun eða fríhafnarverslun) og er að mörgu leyti ólíkur hefðbundinni smásölu. Í ferðaverslun er framlegðarkrafa t.d. mun hærrí en í hefðbundinni smásölu vegna þeirra gjalda sem greidd eru til flugvalla. Framleiðendur líta gjarnan á ferðaverslun sem sérstaka heimsálfu sem lítur ákveðnum markaðslögmálum sem eru ólík þeim sem ríkja á öðrum mörkuðum. Við framleiðslu á vöru eða vörulínu er tekin upplýst ákvörðun um á hvaða markaði eða mörkuðum eigi að selja hana t.d. Evrópu, Ameríku, Asíu og/eða hvort hún verði seld í ferðaverslunum. Ef vara er ódýr, ber lága framlegð en er seld í miklu magni getur t.d. verið að hún henti síður í ferðaverslun. Sumar vörur eru eingöngu framleiddar fyrir þennan markað og sérmerktar sem „Travel Exclusive“ og eru eingöngu ætlaðar til sölu í fríhafnarverslunum.

Í 36. gr reglugerðar um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi er t.d. tekið fram að ÁTVR skuli hafna vöru sem ber merki fríhafnarsölu. Að sama skapi þarf Fríhöfnin að hafa heimild til að hafna vöru sem augljóslega er ekki ætluð í fríhafnarsölu t.d. ef hún er ekki í vöruvali fríhafnarverslana í löndum í

kring um okkur, uppfyllir ekki lágmarks framlegðarkröfur eða ef ekki liggur fyrir staðfesting framleiðanda á að vara sé ætluð til sölu í ferðaverslun.

Í fyrrnefndri umsögn Dista ehf er lagt til að nægjanlegt sé að vísa til eftirspurnar og sérstakt tillit eigi að taka til eftirspurnar í verslunum ÁTVR. Staðreyndin er hins vegar sú að viðskiptavinahópur Fríhafnarinnar og ÁTVR er mjög ólíkur. Um 80% þeirra sem farið hafa um Keflavíkurflugvöll á undanförunum árum eru erlendir ferðamenn þó að einhver breyting kunni að verða á þessu hlutfalli til skamms tíma vegna Covid-19.

Í umsögn Distu ehf. er einnig fjallað um að tryggja verði að Fríhöfnin stundi ekki sölu á hilluplássi. Það fyrirkomulag sem tíðkast hefur hjá Fríhöfninni hefur verið kynnt og rætt í samskiptum og fundum með ESA. ESA hefur ekki gert athugasemd við að svipað fyrirkomulag verði áfram að því gefnu að val- eða umsóknarferlið sé gagnsætt og reglur skýrar. Jafnframt þurfi að tryggja að nýjar vörur fái sömu meðhöndlun.

6. Birting söluupplýsinga

Í umsögn Distu ehf er gerð tillaga að því að Fríhöfninni verði gert skylt að birta „opinberlega sölutölur þeirrar áfengisvöru sem seld er og geri slíkar upplýsingar að auki aðgengilegar þeim sem þess óska.“ Eins og áður hefur komið fram starfar Fríhöfnin á samkeppnismarkaði og ítarlegar opinberar söluupplýsingar gætu skaðað samkeppnisstöðu hennar. Ferðamenn hafa, skv. tollalögum, ákveðna heimild til að flytja inn tollfrjálsar vörur þar með talið áfengi. Samkeppni ríkir um hvar heimildinni til tollfrjálsra áfengiskaupa er ráðstafað, t.d. á flugvelli sem flogið er frá eða í tollfrjálsri komuverslun ef heimild er fyrir rekstri hennar. Eina ástæðan fyrir því að komuverslanir eru í fáum evrópskum nágrannaríkjum okkar er að innan Evrópusambandsins er ekki heimilt að bjóða upp á tollfrjálsa verslun fyrir komufarþega. Samkeppnisaðilar Fríhafnarinnar, fríhafnarverslanir á öðrum flugvöllum, gætu hæglega nýtt sér þessar söluupplýsingar, því er um viðkvæmar viðskiptaupplýsingar að ræða. Tryggja þarf að lögin skaði ekki samkeppnisstöðu Fríhafnarinnar. Fríhöfnin hefur ekki aðgang að sambærilegum upplýsingum um áfengiskaup í öðrum fríhöfnum.

Fríhöfnin tekur undir þá ábendingu í umsögn SVÞ um málið þar sem fram kemur að það er óvanaleg staða að viðskiptalegar ákvarðanir einkahlutafélags verði kærnanlegar til ráðherra og þar með felldar í hefðbundinn feril stjórnisýslumáls. Fríhöfnin og einnig Isavia taka ákvarðanir á viðskiptalegum forsendum og hingað til hefur ekki verið litið á þær sem stjórnisýsluákvarðanir.

Að lokum vill Fríhöfnin ítreka þá ábendingu sem fram kom í umsögn Isavia um frumvarpið að í samskiptum við ESA um málið hefur komið fram sú afstaða að þar sem smásala áfengis sé í ríkiseinkasölu á Íslandi þurfi að setja Fríhöfninni innkaupareglur um áfengi en t.d. þurfi ekki að setja sambærilegar reglur um innkaup á sælgæti. Það er því mikilvægt að skýrt komi fram í lögnum að þetta skilyrði þurfi að vera til staðar. Að öðrum kosti er verið að ganga lengra en ESA er að krefjast.

Einnig er ítrekuð sú ósk að vegna aðstæðna fái Fríhöfnin frest til að innleiða reglurnar til 1. janúar 2021. Til viðbótar við ástandið vegna Covid-19 er verið er að setja félaginu nýjar og íþyngjandi reglur sem engin fordæmi eru fyrir hjá öðrum fríhafnarverslunum með sambærilegt eignarhald. Ljóst er af þeim



rökum sem rakin hafa verið hér að ofan að rekstur og tilgangur Fríhafnarinnar og ÁTVR er mjög ólíkur og því ekki hægt að nýta þær reglur sem til eru um innkaup ÁTVR nema að takmörkuðu leyti.

F.h. Isavia ohf.

Hafdís Perla Hafsteinsdóttir
Hafdís Perla Hafsteinsdóttir

lögfræðingur

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytinga á tollalögum nr. 88/2005 með síðari breytingum (rafræn afgreiðsla o.fl.)

Vísað er til draga að frumvarpi til breytinga á tollalögum nr. 88/2005 með síðari breytingum (rafræn afgreiðsla o.fl.) 609. mál, en félaginu barst beiðni um umsögn frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 6. mars sl.

Isavia ohf. og Fríhöfnin ehf. vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

1. Það er mat Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) að þar sem ríkiseinkasala er á smásölu áfengis á Íslandi er smásala Fríhafnarinnar á áfengi einnig ríkiseinkasala og því verði stjórnvöld að setja Fríhöfninni vöruvalsreglur. Í 8. gr. frumvarpsins er einungis tekið fram að ráðherra skuli setja nánari reglur við vöruval og innkaup á áfengi í tollfrjálsri verslun sem er í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga eða fyrirtækja í þeirra eigu, en ekki kemur fram með skýrum hætti að einungis er þörf á slíkum vöruvalsreglum þegar um er að ræða ríkiseinkasölu. Því leggur félagið til að bæta eftirfarandi við lagatextann (sjá rauðmerkt):

*„Þegar áfengi er boðið til sölu í tollfrjálsri verslun af aðila sem er í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja í þeirra eigu, **á meðan ríkiseinkasala er til staðar**, skal jafnræðis gætt við innkaup á áfengi til endursölu.“*

2. Í 11. gr. laga nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak, er fjallað um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi. Í umfjöllun um meginefni frumvarpsins, nánar tiltekið í kafla 3.4., kemur fram að hliðsjón sé höfð af ákvæðum um vöruvalsreglur fyrir ÁTVR.

Eins og fram kemur í meginefni frumvarpsins, kafla 3.4. er mikilvægt að líta til þess að ákveðinn munur er á sölu á áfengi í fríhöfnum og í verslunum ÁTVR þar sem fríhafnir hafi að jafnaði takmarkað hillupláss og þarf vöruval að taka mið af þeirri sérstöðu. Að sama skapi þurfa vöruvalsreglur fyrir fríhafnir að endurspeglar vöruval í sambærilegum fríhafnarverslunum erlendis. Tilgangur Fríhafnarinnar er að reka verslun með tollfrjálsan varning í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Allur arður af rekstri Fríhafnarinnar rennur til Isavia, en yfirlýstur tilgangur Isavia er að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Fram kemur í lögum um ÁTVR að helstu verkefni séu m.a. innkaup á áfengi til smásölu og birgðahald og dreifing til áfengisverslana. Í vöruvalsreglum ÁTVR, reglugerð um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi nr. 1106/2015 er tekið fram að markmið reglugerðarinnar sé að tryggja framleiðendum og birgjum möguleika á að koma vörum í sölu í vínbúðum fyrirtækisins. Samkvæmt heimasíðu ÁTVR er aðeins keypt áfengi af íslenskum birgjum og geta þeir að ákveðnum skilyrðum uppfylltum komið öllum tegundum áfengis í sölu hjá ÁTVR. Hins vegnar verslar Fríhöfnin bæði við íslenska og erlenda birgja. En þar sem Fríhöfnin hefur einungis yfir að ráða takmörkuðu hilluplássi í verslunum sínum og starfar á samkeppnismarkaði við aðrar fríhafnir getur Fríhöfnin ekki tekið í sölu allar áfengistegundir og verður því að takmarka framboð og vöruúrval m.a. með hliðsjón af eftirspurn, framlegð og vöruúrvali annarra fríhafnaverslana.

Í 4. mgr. í kafla 3.4. í meginefni frumvarpsins kemur fram að þær vöruvalsreglur sem verið er að setja Fríhöfninni með þessari lagasetningu skuli „... *tryggja framleiðendum og birgjum áfengis möguleika á að bjóða vörur sínar til sölu í tollfrjálsri verslun.*“

Þar sem hlutverk Fríhafnarinnar er ekki að tryggja framleiðendum og birgjum sölu á vörum í versluninni, sem er hlutverk ÁTVR, þá er nauðsynlegt að hnykkja á þessu atriði við lagasetningu þessa þannig að Fríhöfninni sé ekki skylt að taka til sölu allar áfengistegundir, bæði frá erlendum sem og innlendum framleiðendum og birgjum.

3. Í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem nú eru í samfélaginu vegna kórónuveirunnar er óskað eftir því að gildistaka laganna verði frestað til 1. janúar 2021 þar sem mikil óvissa ríkir um framvindu mála tengt þessum faraldri.

Félagið er tilbúið að koma á fund nefndarinnar til að fara yfir þessar tillögur og skýra þær frekar ef óskað er.

F.h. Isavia ohf.

Hafdís Perla Hafsteinsdóttir
lögfræðingur

Reykjavík, 15. maí 2020

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum (rafræn afgreiðsla o.fl.).

Hinn 2. mars sl. lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum (þskj. 1028 í 609. máli). Frumvarpið gekk til efnahags- og viðskiptanefndar að fyrstu umræðu lokinni hinn 4. mars sl. og hinn 6. mars var það sett í umsagnarferli. Beðist er velvirðingar á að umsögn þessi berst að umsagnarfresti afloknum.

Efnisákvæði 8. gr. frumvarpsins eru svohljóðandi:

Þegar áfengi er boðið til sölu í tollfrjálsri verslun af aðila sem er í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga eða fyrirtækja í þeirra eigu skal gæta jafnræðis við innkaup á áfengi til endursölu. Við val á áfengri vöru til endursölu skal m.a. taka mið af eftirspurn, framlegð, fjölbreytni í vöruúrvali, sérstöðu fríhafnarverslana og framboði í öðrum fríhafnarverslunum. Ráðherra setur nánari reglur sem miða að því að tryggja jafnræði og gagnsæi við vöruval og innkaup á áfengi í tollfrjálsri verslun. Í reglunum er heimilt að kveða á um gjaldtöku vegna kostnaðar sem leiðir af umsýslu við vöruval. Skal gjaldið eingöngu standa straum af þeim kostnaði sem til fellur vegna skráningar, könnunar og nauðsynlegra ráðstafana af hálfu tollfrjálsrar verslunar við að bjóða áfenga vöru til sölu. Ákvarðanir um val á vöru til sölu í tollfrjálsri verslun eru kærnanlegar til ráðherra.

Nokkuð ítarlega er gerð grein fyrir forsendum ákvæðanna í kafla 3.2 og sérstökum athugasemdum við 8. gr. í greinargerð frumvarpsins og m.a. vísað til áminningarbréfs ESA¹. Í því bréfi er því slegið föstu að íslensk stjórnvöld hafi farið í bága við 16. gr. EES-samningsins, um ríkiseinkasölu, með því að tryggja ekki varnir gegn mismunun við innkaup áfengis af hálfu Fríhafnarinnar. Í þessu samhengi er rétt að taka fram að ástæða þessa er sú að Fríhöfnin er þátttakandi í efnahagslegri starfsemi, lýtur yfirráðum hins opinbera og nýtur sérstakra réttinda til smásölu áfengis í Leifsstöð sem öðrum standa ekki til boða. Í því ljósi má líta þannig á að Fríhöfnin búi yfir fádæma kaupendastyrk og ekkert komi í veg fyrir að honum verði beitt með þeim ómálefnalega hætti að söluaðilum verði mismunað.

Við matið lítur ESA m.a. til þess að smásala Fríhafnarinnar á áfengi á sér stað samhliða einkarétti ÁTVR til smásölu áfengis á Íslandi. Það verður að teljast verulega áhugavert í ljósi

¹ Sjá <https://www.eftasurv.int/cms/sites/default/files/documents/gopro/5331-Reasoned%20opinion%20-%20Frih%c3%b6fnin%c2%b4s%20operation%20of%20retail%20sale%20of%20alcoholic%20beverages%20at%20Keflavik%20airport%20contrary%20to%20Arti.pdf>

Þess að Fríhöfninni virðist í orði kveðnu einvörðungu ætlað að leggja hagnaðarsjónarmið til grundvallar í rekstri á meðan ÁTVR er lögum samkvæmt gert að veita sjónarmiðum um samfélagslega ábyrgð ríkt rekstrarvægi. Bæði rekstrarmarkmið og rekstrarform eru þannig ólík en allt að einu telur ESA að í raun grundvallist starf Fríhafnarinnar og ÁTVR á sameiginlegum þræði, þ.e. opinberum áhrifum.

Af bréfi ESA má a.m.k. draga tvær ályktanir, annars vegar að íslenska ríkið hafi ekki gætt að því að tryggja eðlilega umgjörð um verslunarrekstur sem það sjálf stendur fyrir þrátt fyrir að hann hafi ytri einkenni einkarekstrar og hins vegar að einkaréttur ÁTVR og Fríhafnarinnar til smásölu áfengis komi með víðtækari hætti niður á verslunarfrelsi en menn hafa gert sér grein fyrir. Að mati SVP er því ekki einvörðungu eðlilegt að Fríhöfninni verði gert að haga innkaupum með málefnalegum og gagnsæjum hætti heldur er það afar brýnt. Í ljósi lokaorða áminningarbréfs ESA er einnig mikilvægt að það gerist við fyrsta tækifæri.

Rétt er að benda á að í lokamálslið 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ákvarðanir Fríhafnarinnar um val á vöru til sölu í tollfrjálsri verslun verði kærnanlegar til ráðherra. Þar sem Fríhöfnin er einkahlutafélag skapast sú óvanalega staða að viðskiptalegar ákvarðanir aðila, sem a.m.k. að forminu til er einkaréttarlegur, verði felldar hefðbundinn feril stjórnsýslumáls. Nú liggur m.a. fyrir í áminningarbréfi ESA að stofnunin lítur svo á að einkaréttur fyrirtækisins sé opinbers eðlis og virðist ástæðan m.a. sú að Fríhöfninni var komið á fót með lögum. Þar með kunna að skapast álitamál um hvort og þá að hvaða leyti reglur stjórnsýsluréttar munu taka til ákvarðana Fríhafnarinnar, þ. á m. hvar einkaréttarlegu eðli Fríhafnarinnar sleppir og hið opinbera tekur við. Hér verður ekki gerð tilraun til að greina slík álitamál eða reynt að draga einhver mörk en óhjákvæmilega vaknar sú spurning hvort slíkur opinber rekstur í formi einkahlutafélags geti í raun talist heppilegur í lagalegu samhengi. Segja má að framangreindar hugleiðingar eigi nokkurn samhljóm með umfjöllun ESA sem gefur til kynna að tilvist einkahlutafélagsformsins hafi með einum eða öðrum hætti valdið því að framan af hafi stjórnvöldum hið minnsta þótt óljóst hvernig meðhöndla bæri málið í ljósi 16. gr. EES-samningsins.

Eins og SVP hafa margoft komið á framfæri telja þau rétt að afnema einkarétt hins opinbera til smásölu áfengis. Hafa samtökin að undanfögnu lagt til að það verði gert í áföngum. Efni áminningarbréfs ESA er enn ein áminningin um hve tímabært það er orðið að taka fyrstu skrefin.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur

